



Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds

Gjaldskrá fyrir föngunar og vörslu óskilahunda og óskilakatta á Hornafirði leyfisgjald vegna hunda- og kattahalds, ásamt gjaldi vegna.

1.gr.

Hunda og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda og kattahald á Hornafirði, skulu greiða leyfisgjald skv. lið c, gr. 4, gr., 7 og gr. 9 í samþykkt um kattahald og lið c, gr. 3 gr. 6 og gr.7 í samþykkt um hundahald á Hornafirði, sem staðfestar voru af Umhverfissráðuneytinu þann 11. júní 2007 samþykkt nr. UMH07040117/43-0 þann 11. júní 2007 samþykkt nr. UMH07040118/43-0

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 3. gr. að upphæð 7.000 kr. á hvern hund við skráningu og árlega eftir skráningu 5.000 kr. Af köttum skal innheimta kattaleyfisgjald skv. 4 gr. að upphæð kr. 7.000.- á hvern kött við skráningu og árlega eftir skráningu 5.000 kr.

Innifalið í leyfisgjaldinu er eingöngu sá kostnaður sem bæjarfélagið verður fyrir vegna umfjöllunar, umsýslu, auglýsinga, skráningar og ormahreinsun. Allur annar kostnaður sem tilfellur vegna hunda eða katta, skal greiða af leyfishafa.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3.gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald á Hornafirði, þ.m.t. óheimilli, lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða

1. 10.000 kr við fyrsta brot.
2. 15.000 kr. við annað brot
3. 20.000 kr við þriðja brot og fyrir hvert brot eftir það. Að auki kr 1000,- fyrir hvern byrjaða sólahring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu.



Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem hundur eða köttur er fangaður við undangengna 12 mánuði. Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

4.gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann 9. ágúst 2007 á grundvelli 25.gr. laga nr. 7/1998, um hollustu og mengunarvarnir m.sbr. og á samþykktum um hunda- og kattahald í Hornafirði nr. UMH07040117/43-0 og nr.UMH07040118/43-0, og öðlast gildi 01.01.2008. Við staðfestingu gjaldskrá þessara falla út gildi eldri gjaldskrár vegna hunda og kattahalds hjá bæjarfélaginu.